



Grunnskóli Hornafjarðar

**Valhefti fyrir smiðjur
í 7. bekk
veturinn 2022 - 2023**



Þetta valhefti er fyrir nemendur sem verða í 7. bekk næsta vetur. Eftir því sem nemendur eldast er lögð áhersla á að auka val í samræmi við þroska þeirra og getu. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir efla ábyrgð sína á eigin námi. Þeir og foreldrar þeirra eru því beðnir að kynna sér vel innihald bæklingansins.

Smiðja í 7. bekk

7. og 8. bekkingar eru í sex svokölluðum smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði verða heimilisfræði, leiklist, myndlist, smíðar, textílmennt og Fab-Lab. Hér á eftir fylgir nánari lýsing á því sem er í boði í hverri smiðju og eru nemendur beðnir að **velja þær fjórar smiðjur sem þeir kjósa helst og eina til vara** því hugsanlegt er að einhverjir fái ekki allar þær smiðjur sem þeir óskuðu helst eftir.

Heimilisfræði

Í heimilisfræði verður lögð áhersla á að fræðast um fjölbreytt mataræði og mismunandi matarmenningu. Nemendur fá einnig að koma með uppskriftir að heiman sem hægt er að vinna úr.



Myndlist


Unnið er með gifs og leir auk þess sem unnið er á fjölbreyttan hátt með grunnþætti myndlistar, formfræði, litafræði og myndbyggingu. Myndir eru unnar í tengslum við umfjallanir um íslenska og erlenda listamenn en áhersla er á að nemendur hafi gaman af myndsköpuninni og vinni með sínar sterku hliðar.

Sköpunargáfan fær að njóta sín og unnið er með hugmyndir nemenda. Nemendur safna verkum sínum í möppu og fara með heim að skólaárinu loknu.

Smíðar

Ýmis vinna í smíðastofunni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín með aðstoð smíðakennara.





Textílmenn

Í þessari smíðju verður farið í verkefni sem tengjast textíl. Hægt verður að búa til fjölbreytt verkefni þar sem hugmyndaflugið fær að njóta sín. Bæði verður um skylduverkefni og valverkefni að ræða.

Leiklist - Árshátíð

Í leiklist í haust verður unnið að setja upp söngleik fyrir Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar. Hér er tækifæri til þess að kynna þáttum leikhúsvinnunnar. Þessa smíðju geta þeir valið sem hafa áhuga á tæknivinnu, svo sem ljósum o.fl..



Leiklist



Í þessari smíðju kynna nemendur grunnatriðum í leiklist. Unnið verður með ímyndunaraflíð, spuna, líkamstjáningu og rödd.

Fab-Lab

Námskeiðið byggist á því að nemendur geti nýtt sér helstu tæki og áhöld sem notuð eru í Fab-Lab. Geti þróað hugmyndir sínar sjálfstætt og undir leiðsögn kennara og nýti sér vinnuferlið frá hugmynd til afurðar með því að hanna og teikna og að lokum framleiða sína eigin afurð.



Valblað í 7. bekk

Nafn: _____ bekkur: _____

Smiðja

Nú átt þú að velja þér þær fjórar smiðjur sem þú helst vilt fara í með því að merkja frá einum og upp í fjóra. Þú þarft einnig að velja á milli þeirra tveggja smiðja sem eftir standa og merktu 5 við þá sem þú vilt frekar því hugsanlega getur svo farið að einhverjir fái ekki allar smiðjurnar sem þeir óskuðu eftir. **Merktu frá 1 – 5.**

Heimilisfræði	()	Leiklist - árshátíð	()
Myndlist	()	Leiklist	()
Smíðar	()	Fab-Lab	()
Textíl	()		

Athugið: Við skólasetningu verður nemendum gefinn kostur á að sjá í hvaða smiðju þeir hafa lent. Þyki þeim eitthvað athugasvert við það þá mega þeir koma með foreldrum sínum og ræða breytingar. **Eftir það verður ekki hægt að breyta.**

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 6. maí 2022